

### **Bakhjarlar átaksins eru:**

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti  
Landlæknisembætti  
Reykjavíkurborg  
Garðabær  
Kópavogur  
Hafnafjörður  
Mosfellsbær  
Landsamband lífeyrissjóða  
Efling-stéttarfélag  
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga  
Félag stjórnenda í öldrunarþjónustu  
Öldrunarráð Íslands  
Vísindasjóður Öldrunarfræðafélags Íslands  
Gerðuberg, félagsstarf eldri borgara

### **Átakshópur um breytta ímynd öldrunarþjónustu:**

Anna Birna Jensdóttir formaður, hjúkrunarforstjóri í Sóltúni  
Aðalsteinn Guðmundsson lækningaforstjóri Hrafnistu  
Birna K. Svavarsdóttir hjúkrunarforstjóri Eir  
Jóhann Árnason framkvæmdastjóri Sunnuhlíð  
Kolbrún Oddbergsdóttir öldrunarfulltrúi Hafnarfirði  
Sigbrúður Ingimundardóttir hjúkrunarforstjóri Sólvangi  
Vilborg Ingólfssdóttir yfirhjúkrunarfræðingur Landlæknisembætti  
Þóra Karlsdóttir hjúkrunarforstjóri Holtsbúð, Garðabæ  
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir framkvæmdastjóri Félagspjónustu Reykjavíkurborgar  
Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður Öldrunarráðs Íslands



**Átaki um breytta ímynd öldrunarþjónustu ýtt  
úr vör**

**8.maí kl.14 í Gerðubergi**

Það er sérstakt verkefni stjórnvalda að koma til móts við aukna þörf eldri borgara fyrir hvers konar þjónustu, tryggja hana í sessi og búa í haginn fyrir vaxandi eftirspurn á komandi árum.

Markmið átaksins er að vekja athygli ungs fólks á atvinnutækifærum í þágu aldraðra, stuðla að viðhorfsbreytingu til starfa í öldrunarþjónustu og að bæta ímynd aldraðra í þjóðfélaginu

Ýtt verður úr vör með formlegri opnun vef Morginsins [www.ellismellur.is](http://www.ellismellur.is). Þar koma saman aðilar er starfa við öldrunarþjónustu og miðla upplýsingum um atvinnutækifæri, menntunarmöguleika og aðrar upplýsingar s.s. reynslusögur úr starfi og kaup og kjör. Hlekkir eru inn á tengda vefi og hægt er að sækja um störf hjá hinum mismunandi atvinnurekendum í öldrunarþjónustu. Sjónvarpið mun frumsýna myndina “**Lífið heldur áfram**” mánudaginn 13. maí nk. kl. 20.50. Í myndinni verður brugðið upp svipmyndum úr daglegu lífi eldri borgara, bæði í leik og starfi.

- Átakinu er ætlað að styrkja stöðu þeirra fjölbreytilegu starfa sem unnin eru í öldrunarþjónustu. Opna augu og skerpa vitund um kosti þess að starfa með eldri borgurum. Jafnframt er þeirri spurningu velt upp hvort verið geti að eldri borgarar séu vanmetinn mannauður og hvernig nýta megi reynslu þeirra og starfskrafta í þágu samfélagsins og ekki síst jafnaldra sinna.
- Aðrir aldurshópar sem standa á tímamótum ættu að beina sjónum sínum að öldrunarþjónustunni, gefa sjálfum sér tækifæri og mæta til starfa í gefandi og mannbætandi umhverfi.
- Menntunarkostir eru afar fjölbreytilegir. Á framhaldsskólastigi er kostur á félagssliðanámi, sjúkraliðanámi, matartækni,

hárgreiðslu- og snyrtinámi, fótaaðgerðafræði, nuddnámi, skrifstofunámi, iðnnámi s.s. rafvirkjun og húsasmíði. Þessar námsleiðir er hægt að velja með eða án stúdentsprófs.

- Hvað háskólanám varðar eru hjúkrunarfræði, læknisfræði, sjúkrapjálfun, iðjupjálfun, djáknanám, guðfræði, matarfræði og næringarfræði, tannlæknisfræði, þroskarpjálfun, talmeinafræði, listmeðferðarfræði, tónlistarmeðferðarfræði, sálfræði, félagsráðgjöf, stjórnunar- og viðskiptafræði, mannfræði og tölvunarfræði allt námsleiðir sem þörf er á í öldrunarþjónustu og veita fjölbreytt tækifæri.
- Í öldrunarþjónustu er einnig stór hópur starfsmanna í umönnun með fjölbreyttan bakgrunn. Vinna þarf að starfstengdu námi, sem leiðir til starfsréttinda s.s. félagssliða og/eða sjúkraliða. Starfsfólk af erlendu bergi þarf að eiga kost á starfstengdu íslenskunámi.
- Vekja þarf athygli á bættum launakjörum og bættri vinnuaðstöðu. Ný hjúkrunarheimili búin bestu mögulegri aðstöðu fyrir íbúa og starfsmenn er að finna á Íslandi og eldri hjúkrunarheimili vinna markvisst að endurbótum sinna húsakynna.